

**Nd.**

**29. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 51 12. febr. 1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Skipa skal fimm manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annan eftir tilnefningu Lands-

sambands stéttarfélaganna og tvo eftir tilnefningu Vinnuveitendafélags Íslands. Nefnd þessi skal gera yfirlit yfir framfærslukostnað í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá ársbyrjun 1939, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur, að fengnum tillögum Hagstofu Íslands. Komi í ljós, að meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík á mánuði, eftir marzmánuð 1939, hafi hækkað miðað við meðalframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939, skal gildandi kaupgjald allra launþega hækka frá byrjun næsta mánaðar sem nemur þeirri hækkun á framfærslukostnaði, sem orðið hefir. Til launþega skulu hér teljast allir verkamenn, sjómenn, verkakonur, verksmiðjufólk, iðnaðarmenn, verzlunarfólk, embættismenn og starfsfólk, bæði í þjónustu einstakra manna og hins opinbera, og á allt þetta við jafnt um fastráðið fólk sem daglauna-fólk. Þó mega laun þessara launþega ekki hækka meira en þannig samkvæmt þessum ákvæðum, að þau samsvari 6000 króna árslaunum miðað við verðlag í janúar—marz 1939.

Kaup þetta gildir sem samningur milli atvinnurekenda og stéttarféлага þessara launþega, nema annarhvor aðila vilji hafa annað kaupgjald. Skal hann þá tilkynna það innan mánaðar frá gildistöku þessara laga, ella gildir það sem samningur til þess tíma, sem ákveðinn hefir verið um samningstímalok í hlutaðeigandi vinnusamningum eða viðurkenndum töxtum, og með sömu reglum um uppsagnarfresti og síðara áframhald, er þar greinir. Séu engir samningar eða taxtar fyrir hendi, né séu sérstaklega þar um gerðir, skal samningstímabil þetta teljast eitt ár frá 1. janúar að telja og framlengist um eitt ár í senn, nema sagt sé upp með eins mánaðar fyrirvara.

Nú er kaup greitt að nokkru eða öllu leyti með hlunnindum, svo sem fæði, húsnæði, aflaverðlaunum, þjóf fé, ágóðahluta o. þ. u. l., eða verk unnin í ákvæðisvinnu, og skal þá slíkt kaup einnig hækka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Við ákvörðun kaups samkvæmt þessari grein skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækka í heilan eyri.

Óheimilt er fyrirtækjum, jafnt einstaklinga sem hins opinbera, að hækka laun við þá menn, sem hafa árstekjur, er samsvara 8000 krónum miðað við verðlag janúar—marz 1939.

Kostnaður við nefnd þá, er sett er samkvæmt þessari grein, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr rikissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

## 2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Heimilt er að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu. Áhættuþóknun þessi er undanskilin hinum sérstöku hámarkstakmörkunum þessara laga.

## 3. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

- a. Ríkisstjórninni er heimilt að hækka nú þegar meðalmeðlög af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum, eins og þau eru ákveðin með auglýsingu atvinnuálaráðherra frá 27. okt. 1937, í samræmi við aukinn framfærslukostnað þar til þau verða ákveðin að nýju til 14. maí 1940.
- b. Slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur samkvæmt lögum um alþýðu-tryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skulu hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað frá gildistöku þessara laga, samkvæmt 2. gr. laganna.
- c. Samningsbundnar greiðslur frá sjúkrasamlögum fyrir unnin störf skulu óbreyttar meðan núgildandi samningar standa, þrátt fyrir það, þótt ákvæði séu í samningunum um breytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Samningum þessum má segja upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti, þó að lengri frestur hafi verið ákveðinn.

4. gr.
5. gr. laganna fellur burt.
5. gr.
- Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frumvarp í svipuðu formi og þetta var flutt af þingmönnum Sósíalístaflokksins á síðasta þingi.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að ráða bót á þeim megingöllum, sem eru á núverandi lögum um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, án þess þó að breyta genginu sjálfu, þar sem engin von virðist til, að leiðrétting fengist á því ákvæði eins og sakir standa.

Aðalatriði þessa frumvarps er að veita verkalýðssamtökunum aftur þann rétt, er þau höfðu fyrir 4. apríl 1939, að ákveða eða semja um kaup og kjör meðlima sinna á frjálsan hátt. Þessi réttur var af verkalýðnum tekinn með lögum þeim, sem upprunalega voru samþykkt 4. apríl, og því næst var í rauninni lögfest sú launalækkun, sem nú á sér stað, þar sem verkalýður og starfsfólk fá ekki launahækkun í hlutfalli við dýrtíðina, heldur fer því mjög fjarri. Flutningsmenn álíta það því aðalatriði þessara laga, að samtök launþega fái aftur sinn forna rétt, því ella eru brotin á þeim mannréttindi og launþegastéttirnar hnepptar að vissu leyti í þrældóm.

Vilji hinsvegar samtök launþega og atvinnurekenda ekki nota sér þann rétt að útkljá kaupgjaldsmálin sín á milli án afskipta ríkisvaldsins, þá eru með þessum lögum ákveðnar reglur um, hvernig kaupgjald skuli hækka, sem sé að það skuli hækka mánaðarlega og að fullu eftir framfærslukostnaði. Eru þar með afnumin þau ákvæði gildandi laga, sem lögfesta kauplækkun hjá launþegum.

Kauphækkun sú, sem hér er ákveðin, á að ná til allra launþega, einnig starfsmanna hins opinbera. En þó er sú takmörkun þar á gerð, að ekki skal kaup hækka meir en sem svarar upp í 6000 kr. árslaun miðað við verðlag í janúar—marz 1939. Og enn fremur er bannað að hækka kaup, sem samsvarar 8000 kr. eða þar yfir miðað við verðlag janúar—marz 1939, þar sem ekki þykir rétt að veita dýrtíðaruppbót á svo há laun, þegar neyð stendur fyrir dyrum hjá þorra launþega landsins og almennt talið rétt, að eitt sé látið yfir alla ganga. — Undantekning frá þessum ákvæðum er aðeins gerð með sjómennina, sem sigla nú á hættusvæðunum, og þykir það rétt með tilliti til þess, hve mikils þjóðin nú ætlast til, að þeir leggi í sölurnar fyrir atvinnulíf og afkomu hennar.

Þá er í frumvarpi þessu ákveðið, að allar alþýðutryggingabætur skuli hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað, og eins er ríkisstjórn gefin heimild til að hækka meðalmeðlög á sama hátt. Í núgildandi lögum er ekkert tillit tekið til þess, að allar þessar bætur lækka raunverulega stórum með vaxandi dýrtíð. Nær það vitanlega engri átt að láta hramma dýrtíðarinnar skella harðast á gömlum og sjúkum og öðrum, sem opinberra styrkja þurfa við, sem og á fátækum mæðrum, sem þurfa fyrir börnum að sjá. Miðar 3. gr. þessa frumvarps að því að binda endi á þetta óréttlæti.

Með samþykkt þessa frumvarps væri hinum vinnandi stéttum þessa lands tryggður aftur frjáls samtakaréttur þeirra og horfið frá því ráði að láta þær bera einar þunga dýrtíðarinnar, heldur væri þeim tryggður nokkur jöfnuður í þessum málum.